

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

#### 1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á Rífsbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1.  $67^{\circ} 07'00$  N –  $15^{\circ} 42'00$  V
2.  $66^{\circ} 54'00$  N –  $15^{\circ} 31'00$  V
3.  $66^{\circ} 54'00$  N –  $15^{\circ} 45'00$  V
4.  $67^{\circ} 06'00$  N –  $15^{\circ} 54'00$  V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. nóvember 2001.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*